

Reykjavík 7. júní 2018

**Umsögn með frumvarpi til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. þingskjal 1029 – 622. mál.**

Hagstofa Íslands lýsir yfir ánægju með frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679. Reglugerðin er sérstök að því leyti að ríkjum er gefið mikið svigrúm til að innleiða hana. Í 89. grein reglugerðarinnar eru undanþágur vegna vinnslu persónuupplýsinga í tölfræðilegum tilgangi tilgreindar. Þar segir í 2. tölulið:

Þegar vinnsla persónuupplýsinga fer fram í þágu rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi geta lög Sambandsins eða lög aðildarríkis kveðið á um undanþágur frá þeim réttindum sem um getur í 15., 16., 18. og 21. gr., með fyrirvara um skilyrði og verndarráðstafanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að svo miklu leyti sem telja má að slík réttindi geri það ómögulegt eða hamli því verulega að unnt sé að ná viðkomandi markmiðum og slíkar undanþágur eru nauðsynlegar til að þeim verði náð.

Í 18. grein frumvarpsins eru þessi undanþáguákvæði útfærð. Þannig segir í 18. grein frumvarpsins sem fjallar um verndarráðstafanir og undanþágur varðandi vinnslu vegna rannsókna, tölfræði eða skjalavistunar í þágu almannahagsmuna:

Ákvæði 15., 16., 18. og 21. gr. reglugerðarinnar um réttindi hins skráða gilda ekki þegar vinnsla persónuupplýsinga fer aðeins fram í þágu vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi að svo miklu leyti sem telja má að þessi réttindi geri það ómögulegt eða hamli því verulega að unnt sé að ná viðkomandi markmiðum.

Í skýringum með 18.gr. stendur ennfremur:

Dæmi um það sem félli hér undir er vinnsla upplýsinga á grundvelli laga um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Samkvæmt þeim lögum er Hagstofan miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar sem ætlað er að nýta stjórnsýslugögn í því skyni og til þess hefur hún heimild til að tengja saman gagnaskrár með einstaklingsauðkennum. Þá veita löggin heimildir til þess að sækja gögn til einstaklinga og lögaðila sé þess þörf að teknu tilliti til hófsemi og svarbyrði. Að lokinni frumvinnslu persónugagna til tölfræðigreininga tekur við umbreyting frumgagna í tölfræðigögn sem felur í sér stöðlun, flokkun, tilreiknun og vigtun þannig að áreiðanlegar tölfræðilegar niðurstöður fái við greiningu. Við lokaúrvinnslu er þess gætt að niðurstöður séu með öllu ópersónugreinanlegar. Af þessu má vera ljóst að réttur einstaklings til aðgangs að og leiðréttinga á upplýsingum, svo og til takmörkunar á vinnslu þeirra eða andmælaréttur, gæti gert það ómögulegt eða

hamlað því verulega að lög um hagsýslugerð Hagstofunnar næðu markmiði sínu og eru þessar undanþágur því nauðsynlegar í því ljósi.

Ofangreindar undanþágur eru nauðsynlegar íslenskri hagskýrslugerð líkt og á við annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu en verður að lesa samhliða skýringartexta til að ljóst sé við hvað er átt. Hagstofa Íslands leggur því til að undanþáguákvæði verði afdráttalausara líkt og er í sambærilegum dönskum lögum um persónuvernd nr. 502 frá 23. maí 2018<sup>1</sup>. Þar segir í 22. gr.:

Stk. 5. Databeskyttelsesforordningens artikel 15, 16, 18 og 21 finder ikke anvendelse, hvis oplysningerne udelukkende behandles i videnskabeligt eller statistisk øjemed.

Afdráttarlaust orðalag á undanþágu vegna opinberrar hagskýrslugerðar er það til þess fallið að auka skýrleika og hindra stjórnsýslulega óvissu. Gera má ráð fyrir að borgararnir lesi ekki greinargerð með frumvarpinu heldur styðjist fyrst og fermst við lagatextann. Uppbygging frumvarpsins er þannig að lesa verður íslenskur lagatexta með evrópsku reglugerðina til hliðsjónar þar sem vísar er til einstakra greina hennar. Þurfi auk heldur að lesa lagaskýringar til að geta sett mikilvægt undanþáguákvæði í samhengi dregur það úr skýrleika. Fyrirvarar undanþágu liggja fyrir í evrópsku reglugerðinni og gilda hvort sem þeir eru tilgreindir í íslenskum lagatexta eða ekki. Því væri betra að fylgja fordæmi Dana og hafa skýrleika í fyrirrúmi. Hagstofa Íslands leggur því til að við 18. gr. frumvarpsins sem snýr að undanþágum bætist við nýr liður sem verði svo orðaður:

Ákvæði 15., 16., 18., og 21. greinar reglugerðarinnar um réttindi hins skráða gilda ekki þegar vinnsla persónuupplýsinga fer aðeins fram vegna opinberrar hagskýrslugerðar.

Leggja verður áherslu á að við innleiðingu reglugerðarinnar héraendis verði tekið mið af innleiðingu ríkja í Evrópusambandinu þannig að stofnunum og fyrirtækjum hér á landi verði búið sama starfsumhverfi og gerist annar staðar. Þá eru veigamikil rök fyrir því að ætlan stjórnvalda og löggjafans séu skýrt orðuð til að lágmarka óvissu.

---

<sup>1</sup> Lov om supplerende bestemmelser til forordning om beskyttelse af fysiske personer i forbindelse med behandling af personoplysninger og om fri udveksling af sådanne oplysninger (databeskyttelsesloven), sbr. <https://www.retsinformation.dk/pdfPrint.aspx?id=201319>.